



Reykjanesbær

Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS



Úr kjarasamningi kennara



2.1.5.1 Skóladagar nemenda

Fjöldi skóladaga nemenda er lögbundinn. Skóladagar nemenda eru á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.

2.1.5.2 Undirbúningsdagar

Undirbúningsdagar kennara undir stjórn skólustjóra skulu vera samtals 8 fyrir upphaf og eftir lok skóladaga nemenda. Undirbúningsdagar á starfstíma skóla eru 5. Skólum er heimilt að fella þá inn í vikulegt vinnuskipulag að hluta eða öllu leyti. Lengist þá vikuleg vinnuskylda kennara sem því nemur.

2.1.5.3 Sveigjanlegur starfstími

Í skólanámskrá skal taka fram hvenær nemendur koma til starfa í skóla að hausti og hvenær þeir ljúki störfum að vori og hvort og þá hvenær vetrarfrí sé tekið og hvernig fyrirkomulagi undirbúningsdaga á starfstíma skóla verður háttað. Gert er ráð fyrir að kennarar geti innt af hendi störf í skóla á tímabilinu frá miðjum ágúst til miðs júnímánaðar næsta ár, skv. ákvæðum skólanámskrár.

Skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólustjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.

Samantekt – skóladagatöl grunnskólanna



Allir skólar hafa skilað inn skóladagatali fyrir 2024-2025.

Allir skólar hafa skilað inn samþykki skólaráðs viðkomandi skóla.

Skóladagatölin hafa verið samþykkt af starfsmönnum skólans á starfsmannafundum.

Sumarfrístund fyrir nemendur í 1. bekk hefst 9. ágúst og er starfandi til skólasetningar viðkomandi skóla.

Endurmenntunarráðstefna menntasviðs Reykjanesbæjar 13. ágúst.

Allir skólar nema einn með sex undirbúningsdaga að hausti.

Allir skólar hefja skólastarf 23. ágúst nema Háaleitisskóli sem hefur skólastarf 22. ágúst.

Vetrarleyfi að hausti hjá öllum 25. og 28. október.

Skólar hefja starf eftir jólaleyfi annað hvort 3. eða 6. janúar ýmist á kennslu eða starfsdegi.

Vetrarfrí að vori í fimm skólum. 20., 21., 24., febrúar og 7. mars

Skólaslit hjá fimm skólum 6. júní, einum 5. júní og einum skóla 10. júní.